

Umdæmisstjóri - Governor 2019 -2020
Tómas Sveinsson



Ég er fæddur 19 maí 1956 í Vestmannaeyjum og er næst elstur fjögurra systkina. Ég er ólst upp í Vestmannaeyjum og bjó, þar til eldgosíð í Heimaey byrjaði 1973, en þá fluttist ég eins og aðrir Eyjamenn á fasta landið, fyrst til Reykjavíkur og síðan á Selfoss þar sem ég bjó þangað til ég fluttist aftur til Eyja 1975. Ég er kvæntur Ástu Kristínu Reynisdóttir og eigum við tvö börn Svein og Leu og barnabörnin eru fjögur. Ég gekk mína grunnskólagöngu í Vestmannaeyjum en kláraði Gagnfræðaprófið í Laugarlækjaskóla í Reykjavík 1973. Síðan lá leið mín á sjóinn þar sem ég starfaði í fjórtán ár. Þegar ég fór í land þá tók við nám í matreiðslu á Hótel Holti og lauk ég sveinsprófi 1991 frá Hótel og veitingaskólanum og meistararéttindum tveimur árum síðar. Ég hef starfað sem matreiðslumaður frá því að ég lauk námi fyrst hjá öðrum, síðan tók við eigin rekstur á veitingarhúsi, en í dag starfa ég sem forstöðumaður eldhúss hjá Vestmannaeyjabæ. Ég kem úr Kiwanisfjölskyldu en faðir minn var forseti Helgafells 1986-1987. Ég gekk til liðs við hreyfinguna árið 1991 og ferilinn hófst með ýmsum nefndarstörfum

þangað til ég varð ritari 2002-2003 Ég varð síðan forseti 2004

2005 og varð þar með annar ættliður til að gegna forsetaembætti Helgafells.

Ég hóf störf fyrir Umdæmið 2005, en þá tók ég við Internetnefndinni og hef gegnt því síðan. Ég var erlendur ritari í

Umdæmisstjórn þrjú starfsár eða frá 2012 – 2015 og síðan Svæðisstjóri Sögusvæðis 2015 – 2016. Eins og sjá má hefur Kiwanis verið mér hugleikið, og ekki verið mikill tími til annara áhugamála, en ég hef gegnt fleiri félagsstörfum eins og fyrir mitt fagfélag, og síðan grúskar maður í tölvumálum og tónlist sem er í miklu uppáhaldi hjá mér ásamt öllu sem viðkemur matreiðslu.